

Ed.

860. Breytingartillögur

[248. mál]

við frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. 5. mgr. orðist svo:
Menntamálaráðherra setur eða skipar skjalaverði að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Aðra fasta starfsmenn ræður þjóðskjalavörður með samþykki stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.
2. Við 2. gr. Síðasti másl. 2. mgr. falli brott.
3. Við 4. gr. 2. tölul. orðist svo: líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar.
4. Við 5. gr. 3. mgr. orðist svo:
Safninu er heimilt að taka við gögnum annarra en afhendingarskyldra aðila.
5. 10. gr. orðist svo:
Mikilvægustu skjöl safnsins skulu vera til á filmum og eintak af þeim varðveitt á öruggum stað utan húsakynna safnsins.
6. Á eftir 10. gr. komi ný gr. er verði 11. gr. og orðist svo:
Þegar skjöl, sem að dómi þjóðskjalavardar hafa fræðilegt gildi en eru í eigu einkaaðila, eru flutt úr landi skal tilkynna það Þjóðskjalasafni og safnið hafa heimild til að semja um ljósritun þeirra eða afritun með öðrum hætti áður en farið er með skjölin úr landi.